9

Skref

Árstíðagarðar í borg

01/08/21

9

Skref

Árstíðagarðar í borg

01/08/21

Teymið 06

Samsetning teymis 08
Samvinna 09

Verkefnið 10

Svæðið 12
Skólavörðustígur - Laugavegur 12
Götumyndir - ásýnd bygginga 14
Götumyndir - ásýnd gatna 15

Saga 16

Litið til fortíðar 18
Laugavegur 18
Skólavörðustígur 19

Nálgun 20

Borgarlandslag 22
Hjarta borgarinnar 22
Borgin - 21. mars 13:30 23
Borgin - 21. mars 17:00 23
Reiturinn - 21. mars 13:30 23
Reiturinn - 21. mars 17:00 23
Hornið - 21. mars 13:30 23
Hornið - 1. mars 17:00 23

Aðferðafræði 24

Þróun borgar 26
Fortíðin - “Umferðarborgin” 26
Nútíðin - “Umskiptingaborgin” 26
Framtíðin - “Almenningsrýmaborgin” 26
Borgarmynstur 27
Umbreytingar svæðisins 27
Endurtúlkun 28
Almenningsrými sem borgargarður 28
“Flæðis” tungumál 28
Göngugatan sem borgargarður 28
“Rýmis” tungumál 28
Árstíðagarðar sem tákn fjölbreytileikans 28
Borgargarður 29
Persneskir garðar 29
Árstíðagarðar 29
Dýptarsýn 29
Svæðisskiptur gróður 29
Vatn 29

Birtugreining 30

Svæðiskipt greining 32
Skólavörðustígur 32
Laugavegur 33
Vor 34
Sumar 35

Gróður 36

Árstíðagarðar 38
Fjölbreytilegir garðar 38
Staðsetning garða 39

Þemamyndir 40

Innblástur I 42
Innblástur II 43

Drög 44

Frá hugmynd að formi 46
Hugarflug I 46
Hugarflug II 47
Frá hugmynd að formi 48
Grunnþættir hugmyndar I 48
Grunnþættir hugmyndar II 49

Teikningar 50

Heildarsvæðið 52
Skólavörðustígur - Laugavegur 52
Efnisval 55
Skólavörðustígur - Laugavegur 55
Árstíðagarðar 56
Skólavörðustígur - Laugavegur 56
Útisvæði 57
Skólavörðustígur - Laugavegur 57

Skissur 76

Nýtt torg - Laugatorg 78
Horn Skólavörðustígs og Laugavegar 78
Leikur að skuggum I 79
Kjaftaklöpp 80
Gatnamót Skólavörðustígs og Bergstaðastrætis 80
Leikur að skuggum II 81
Leikur að vatni 82
Mósaíkvatnslaugar 82
Útfærslur af vatnslaugum 83
Mokka Kaffi 84
Vatnshani og bekkur 84
Útfærslur af vatnshönum 85
Götugögn 86
Lýsing, bekkur og ruslastandur 86
Hjólastandur 87

Þrívídd 88

Tegund







Karl Kvaran, arkitekt og skipulagsfræðingur



Lilja Kristín Ólafsdóttir, landslagsarkitekt



Sigurður Árni Sigurðsson, myndlistarmaður

Samsetning teymis

Styrkur þessa teymis felst í fjölbreytilegri nálgun á verkefninu í mismunandi skala, allt frá borginni og borgarrýminu sjálfu að hverfum og götugögnum yfir í staðfærð smáatriði með vistfræðilegri, félagslegri og efnahagslegri sjálfbærni sem hornstein aðferðafræðinnar.

Teymið samanstendur af þremur einstaklingum frá mismunandi starfsstéttum með mikla reynslu hver á sínu sviði: *Karl Kvaran, arkitekt og skipulagsfræðingur, Lilja Kristín Ólafsdóttir, landslagsarkitekt og Sigurður Ár ni Sigurðsson, myndlistarmaður.*

Hugmyndaflæði: Ímyndunin er kjarninn í sköpuninni. Allir hönnuðir og listamenn eru með sköpunarþorsta. Þetta hvetur okkur, ýtir okkur til að fara fram úr sjálfum okkur og þróa nýjar l eiðir. Sköpunarferlið er frá fyrstu stigum verkefnisins þar sem orð eða mynd getur verið nóg til að koma okkur af stað á skapandi braut.







Samvinna

Það var vilji teymisins að hafa að leiðarljósi þann vitsmunalega auð sem verður af samvinnu við borgina, eigendur, rekstraraðila og hinn almenna notenda til að búa til þverfaglegan vettvang og hugleiðingar um rými, ljós, form og efni.

Hönnunarfundir voru haldnir iðulega með borgarhönnunarteymi Reykjavíkurborgar, samræmingahönnuði (Dagnýju Bjarnadóttur, landslagsarkitekt) og öðrum hönnunarteymum. Einnig var komið á laggirnar vinnustofu opnað almenningi sem var nauðsynlegur liður í hönnunarferlinu sem og samtalinu við íbúa borgarinnar um verkefnið. Að loknu samtali við ólíka hagsmunahópa myndaðist eftirfarandi framtíðarsýn: *Von er um að framtíðar göngugötur fái sterka staðarsjálfmynd, staðaranda og ímynd og aukið aðdráttarafl fyrir ferðamenn, fyrirtæki, fjárfesta og nýja íbúa með aðgengi fyrir alla í fyrirrúmi.*

Verkefnið



Svæðið

Skólavörðustígur - Laugavegur

Teyminu var útdeilt svæðum **06, 08 og 09** en þau eru lykilsvæði miðbæjarins þar sem Laugavegur og Skólavörðustígur mætast.

Meginmarkmið verkefnis að ósk borgarhönnunarteymis Reykjavíkurborgar:

1. Að vinna markvisst með sérkenni götunnar í faðmi þeirra sem lifa, vinna og njóta í umhverfinu
2. Að skapa rými sem sinnir þörfum notenda og þörfum götunnar sem verslunargötu
3. Að vinna með sögu og auka upplifun rýmisins í gegnum staðarandann
4. Að í gegnum götuna sé eitthvað spennandi að gerast, eitthvað eftirtektarvert hvort sem það er leikur, listaverk, setaðstaða eða lítið leiksvæði
5. Að rýmið hvetji til jákvæðra samskipta og fjölbreyttrar notkunar
6. Að gefa götunni færi á að vera upplifunarrými allan ársins hring, rými sem hvetji til dvalar
7. Að aðgengi allra sé tryggt í götunni og tengslin milli húsanna og götunnar styrkt
8. Að vinna með gróður og grænar lausnir
9. Að vinna með yfirborðsvatn í blágrænum lausnum

Áherslur teymis að ósk borgarhönnunarteymis Reykjavíkurborgar:

1. Skapa konsept fyrir hvert svæði
2. Mynda leikinn í götunni
3. Staðsetja og útfæra götugögn og dvalarsvæði
4. Eiga samtal við hagsmunaaðila
5. Huga að list í rýminu
6. Huga að árstíðabundinni notkun, vetur, sumar, vor og haust
7. Gera ráð fyrir ýmiskonar afþreyingu og hátíðum í göturýminu
8. Huga að merkingum og skiltanotkun
9. Hafa skoðun á lýsingu
10. Útfæra aðgengi allra





Hönnunarsvæði teymis númer 06, 08 og 09 þar sem Laugavegur og Skólavörðustígur mætast



Núverandi ástand - Hér mætast Skólavörðustígur, Laugavegur og Bankastræti með Hallgrímskirkju í bakgrunni


01












02








03












04







Götumyndir - ásýnd bygginga

Laugavegur og Skólavörðustígur bjóða uppá mikinn fjölbreytileika í byggingarstílum. Þar er að finna nokkrar af elstu byggingum borgarinnar í bland við nútíma arkitektúr, með mismunandi flóru af efnisvali, formi, litum og stærðum.

01 Ásýnd frá Skólavörðustíg 10 að Bankastræti 14 **02** Ásýnd frá Laugavegi 6 að Bankastræti 12 **03** Ásýnd frá Laugavegi 2 að Bergstaðastræti 4 **04** Ásýnd frá Bankastræti 9 að Laugavegi 5













































Götumyndir - ásýnd gatna

Almenningsrýmið á Laugarvegi og Skólavörðustíg eru í dag hönnuð fyrir bílaumferð. Með tilkomu göngugatna í stað bílagatna er nauðsynlegt að endurskoða hönnun svæðisins þannig að skapist heildstætt rými fyrir borgarbúa.

01 Ásýnd frá Skólavörðustíg að Bankastræti **02** Ásýnd frá Laugavegi að Skólavörðustíg **03** Ásýnd frá Bankastræti að Laugavegi **04** Ásýnd frá Laugavegi að Bankastræti

Saga





Litið til fortíðar

Laugavegur

Laugavegurinn skipar sérstakan sess í byggingar- og verslunarsögu Reykjavíkur. Gatan er ein af aldamótagötum bæjarins og var hún nær fullbyggð inn að Barónstíg árið 1905. Fram að þeim tíma er aðallega íbúðarbyggð við götuna en fljótlega eftir það er farið að versla við Laugaveginn. Húsum er þá oft breytt þannig að verslanir eru starfræktar í kjallaranum.

Síðar er jarðhæð húsanna tekin undir verslunarhúsnæði eða timburhúsunum er lyft og steypt undir þau jarðhæð, sem verslað er í. Haldið hefur verið fram að það hafi verið liður í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga er íslenskir kaupmenn hófu að byggja verslunarhús við Laugaveg, sem andsvar við verslun útlenskra selstöðukaupmanna í Kvosinni.

Á árunum 1960 til 1980 voru mörg gömul timburhús rifin og ný stór verslunar- og skrifstofuhús byggð í staðinn. Mesta endurnýjun húsa í miðbænum hefur verið við þessa elstu götu þess.



01


02


03


04



05


06

01 Kort Sveins Sveinssonar af suður Þingholtum. og næsta umhverfi frá 1876. Sjá má helstu götur eða götuslóða, sem enn í dag eru til staðar **02** Kort frá um 1880 sem sýnir götur og hús í Þingholtum á þeim tíma. Steinhús og timburhús eru merkt með fylltum ferningum en torfbæir með tómum ferningum **03** Teikning Aage Olsen Aanum, byggt á eldri kortum, sýnir austurhluta Reykjavíkur um 1880. Hegningarhúsið á Skólavörðustíg er merkt númer IV

04 Laugavegur 1893. Húsið fremst á vinstri hönd er Laugavegur 1 og til hægri er Laugavegur 2 (bæði hús enn standa). Skolprenna liggur eftir götunni og konur ríðandi í söðli á miðri mynd **05** Á síðustu öld fer Reykjavík frá því að vera hestabær í því að vera bílabær **06** Málverk af timburhúsinu Snússu málað á síðasta áratug 19. aldar. Fyrst er getið um torfbæinn Litlabæ í manntali 1845 en torfbærinn var rifinn 1868 þegar timburhúsið var reist við Laugaveg 4

Skólavörðustígur

Skólavörðustígur er einstök gata í sögu Reykjavíkur. Gatan er ein af elstu götum borgarinnar og tengist uppbyggingu byggðar-og menningarsögu Reykjavíkur. Þegar Skólavörðuholt er að byggjast upp er sagt að nemendur Lærðaskólans hafi búið til vörðu í tilefni stofnunar skólans í lok 18 aldar, nokkrum árum eftir að Reykjavík fær kaupstaðarréttindi árið 1786.

Seinna er reistur turn á holtinu en í dag hefur Hallgrímskirkja tekið við hlutverki vörðunnar sem minnismerki holtsins og um leið Reykjavíkurborgar og jafnvel Íslands alls. Hallgrímskirkja er viðmið og áttaviti borgarinnar. Hún rís við enda Skólavörðustígs og blasir við þegar gengið er upp Bankastræti inn á Laugaveg og horft upp eftir götunni.

Þess vegna hefur Skólavörðustígur ímynd breiðgötu að erlendri fyrirmynd með minnismerki við enda götunnar. Gatan er breið miðað við hæð húsa og sýnir áhugaverða blöndu af bæði sögulegum eldri húsum og arkítektúr síðustu áratuga.


01


02


03


04


05


06



07


08

01 Hallgrímskirkja eftir Guðjón Samúelsson, húsameistara ríkisins, var vígð 1986 en hún var í byggingu frá 1945 **02** Margir hafa séð samsvörun Hallgrímskirkju í kirkjusmíð Grundtvigskirkja í Kaupmannahöfn sem P.V. Jensen-Klint teiknaði **03** Árið 1868 var Skólavarðan endurgerð úr höggnu grjóti og myndaði eins konar útsýnisturn **04** Skömmu fyrir miðja 19. öld var farið að byggja við stíginn upp að Skólavörðu sem þá var aðalleiðin út úr bænum. Hegningarhúsið að Skólavörðustíg 9 var reist árið 1873 og mætti segja að á efri hæð hússins hafi ráðhús Reykjavíkur haft aðstöðu á fyrstu árunum

05 Skólavörðustígur 4 reis 1883 og er fyrsta steinhús úr tilhöggnu grjóti sem íslenskir steinsmiðir byggðu **06** Mokkakaffi var stofnað árið 1958 og hefur verið starfrækt óslitið síðan og er því eitt af elstu kaffihúsum í Reykjavík **07** Skólavörðustígur 10 – Bergshús, var reist um 1865 og kennt við Berg Þorleifsson, söðlasmið. Skáldið Þórbergur Þórðarson leigði um tíma í húsinu og skrifar um það í Ofvitanum **08** Kjaftaklöpp er á horni Skólavörðustígs og Bergstaðastrætis og var hún einskonar stefnumótastaður þar sem fréttir, skoðanir og kjaftasögur borgarinnar flögruðu milli fólks

Nálgun





Borgarlandslag

Hjarta borgarinnar

Ef horft er á strauma mannlífs á svæðinu eru gatnamót Skólavörðustígs og Laugavegar miðpunkturinn. Skólavörðuholtið og hverfið allt rammast inn af sterkum kennileitum; Hallgrímskirkja, Tjörnin, Tjarnargata og Kvosin, Arnarhóll með styttu Ingólfs Arnarsonar, Harpa og sjávarsíðan með Sólfarið eftir Jón Gunnar Árnason. Í miðju þessara kennileita mætast Bankastræti, Laugavegur og Skólavörðustígur og mynda hjarta Reykjavíkur. Hér slær hjarta borgarinnar og mannlífið streymir um gatnakerfið.

Samstarfið í kringum verkefnið er sameining skynjunar á borgarrýminu, aukning á sviði skynjunar, þökk sé sýnum margra fagaðila sem túlka rýmið á mismunandi hátt. Nálgun okkar á viðfangsefninu er að skoða hvernig l jós og skuggar hafa áhrif á umhverfi okkar og hvernig hægt er að nýta það til frekari virkni í umhverfinu.

Sólarljós, dagsbirtan og náttmyrkrið gefa endalausa möguleika á hönnun umhverfis bæði í litlum og í stærri skala.

Sumar, vetur, vor og haust,

sólarljósið - dagsbirtan - húmið - náttmyrkrið - dimman

Hönnun þar sem l jós og skuggi geta myndað leik milli rýma sem skapa skemmtilega stemningu fyrir eigenda verslana. Lítil l eiksvæði eða áningarstaðir verða byggðir upp þar sem leikur felst í að skoða og upplifa hvernig ljós og skuggi mynda og afmarka svæði á mismunandi hátt eftir árstíðum.

Fallegt leiktæki breytist eftir því hvernig l jós og skuggi fellur á það. Bekkir, leiktæki, hjólreiðastandar jafnvel umferðarmerki, hvað sem er mætti hanna og staðsetja svo þessir hlutir varpi ákveðnum skuggum á ákveðnum tíma út frá sól eða frá tilbúnum ljósgjafa.

Skuggar af bekkjum geta komið fram í næstu götu sem mynstur í yfirborði götu.

Skúlptúr getur verið uppistaða eða grind fyrir gróður á sama tíma og efnisval snúist um að yfirborðið varpi speglun eða geisla á skuggsælan stað eða skot.

Áferð á götu, áferð á efnisvali getur breyst mikið eftir því hvort það er sólarljós, dagsbirta eða náttmyrkur. Með steinhellum eða mósaikflísum mætti búa til skugga af húsi eða turni sem stendur við allt aðra götu. Skuggi Hallgrímskirkju gæti verið í hverri götu og gefið til kynna stöðugt sumar og sólarljós.

Ljós og skugga er hægt að þróa á margbreytilegan hátt þar sem vatn og gróður geta samtvinnast og gert svæðið að nýjum borgrarýmum í einum elsta borgarhluta Reykjavíkur.



Laugavegur og Skólavörðustígur mætast í hjarta borgarinnar, og sameinast sem ný "lífæð" almenningsrýma Reykjavíkurborgar



Borgin - 21. mars 13:30



Reiturinn - 21. mars 13:30



Hornið - 21. mars 13:30



Borgin - 21. mars 17:00



Reiturinn - 21. mars 17:00



Hornið - 1. mars 17:00

Aðferðafræði



Þróun borgar



Fortíðin - “Umferðarborgin”

Hin vélræna borg iðnaðar þar sem bílar, skip og lestir voru undistaðan í flóknu netkerfi á sviði samgangna.



Nútíðin - “Umskiptingaborgin”

Helmingur mannkynnsins býr í borg, sem bæði þéttist og stækkar. Almenningssamgöngur eru í mikilvægari hlutverki, göngugötur byrja að taka við bílagötum, umskiptingar verða í þjóðfélaginu.



Framtíðin - “Almenningsrýmaborgin”

Almenningsrýmin taka við svæðunum sem gömlu netkerfi samgangna skildu eftir sig. Borgarrými þróast og verða fjölbreytilegri, þar sem garðar, torg og önnur svæði tengd samveru, útiveru og heilsu verða miðpunktur samfélagsins. Ný lífssýn verður til í iðandi borgarlífi með félagslegri sjálfbærni, hönd í hönd með náttúrunni.

Borgarmynstur

Umbreytingar svæðisins

Síðustu 100 árin hafa orðið miklar breytingar á Laugavegi og Skólavörðustíg, og myndast ákveðin kakófónía bæði í arkitektúrnum og skipulaginu. Svæðið sem hýsti áður fyrr torfbæi, býður nú í krafti þéttingar síðustu áratugina óreiðukennd rými sem römmuð eru inn af byggingum í mismunandi byggingastílum.

Svæðið hefur þróast frá því í að vera hluti af netkerfi bæjarleiða (hestasamgöngur), og seinna meir bílaumferðar yfir í göngugötur nútímans. Þessi þróun gefur möguleika á því að endurskipuleggja kakófóníuna á svæðinu, tengja þá mismunandi skala bygginga og almenningsrýma með fólk í fyrirúmi.



01 Laugavegur og Skólavörðustígur árið 1902



02 Laugavegur og Skólavörðustígur árið 2021



03 *"Röntgenmynd"* af Laugavegi og Skólavörðustíg (árin 1902 og 2021)

Endurtúlkun

Almenningsrými sem borgargarður

Græn svæði í borginni er eitt af lykilatriðum í borgarhönnun. Svæðin bjóða uppá fjölbreytt úrval af félagslegum, lýðheilsulegum, efnahagslegum og umhverfislegum aðgerðum og gegna því mikilvægu hlutverki í að bæta lífsgæði borgarbúa.

Endurtúlkun hluta Laugavegs og Skólavörðustígs felst í því að búa til nýtt "tungumál" almeningsrýmis í Reykjavík. Með blöndu af flæði borgarbúa í gegnum svæðið og tilkomu nýrra rýma á göngugötunum verður til mikill fjölbreytileiki af útirýmum.

Í stað þess að reyna að tengja á klassískan hátt borgarýmið við byggingarnar er heldur farin sú leið að búa til borgargarð sem umlykur "óreiðu" hina fjölmörgu byggingastíla og skala, þannig að til verði heildstæður bragur af svæðinu.

Mikilvægur hlekkur í þessari nálgun er tenging borgarinnar við náttúruna þar sem hinn nýi borgargarður gefur pláss fyrir leik, félagsleg samskipti, sköpunargáfu, atvinnustarfsemi og skemmtun.



"Flæðis" tungumál

Flæði borgarbúa í gegnum svæðið



"Rýmis" tungumál

Tilkoma nýrra rýma á göngugötunum



Göngugatan sem borgargarður

Almenningsrýmið endurtúlkast sem borgargarður sem tengir allt svæðið saman þannig að til verði heildarbragur



Árstíðagarðar sem tákn fjölbreytileikans

Borgargarðurinn verður að árstíðagörðum, núverandi "regnbogagata" þróast og breytist í vor-,sumar-, haust- og vetrargarða þar sem fjölbreytileikinn verður alls ráðandi

Borgargarður

Persneskir garðar

Þegar útfærsla borgargarðins fór í gang var litið til ýmissa garða og þá sérstaklega til persneska garðsins, og hvernig hægt væri að útfæra þá hönnun í reykvísku umhverfi.

Persneski garðurinn er landslagsgarður, skapaður sem rými í fagurfræðilegu og andlegu samhengi fortíðar hans og menningarlegu, pólitísku og félagslegu umhverfi samtímans. Aðalsmerki þessara garða er uppbygging hans eftir rúmfræðilegum og sjónrænum meginreglum, útfærðar í náttúrunni með vatnsrásum. Skálar, gosbrunnar og fossar eru áberandi miðásar með útsýni og gróðursetningu með ýmsum vandlega völdum trjám og blómum.

Hönnun hvers persnesks garðs er undir áhrifum loftslags, listar, viðhorfa, ljóðlistar, bókmennta og rómantíkur landsins og svæðisins þar sem garðurinn er staðsettur. Að auki hefur hver garður mismunandi tegundir af ávöxtum, blómum, kryddjurtum og grænmeti eftir því hvar hann er til staðar.

Persneski garðurinn mótast því af umhverfi sínu.



Árstíðagarðar

Eitt af einkennum hins persneska garðs er uppskipting gróðurs eftir árstíðum



Svæðisskiptur gróður

í persneska garðinum eru gróður og tré staðsett eftir tegundum, stærðum, lykt og lit svo eitthvað sé nefnt



Dýptarsýn

Í persneska garðinum liggur fókusinn á aðalásnum sem leiðir gesti í gegnum garðinn með stórkostlegri dýptarsýn og umvafinn listrænum hlutföllum.



Vatn

Vatn er einn mikilvægasti þátturinn í persneska garðinum. Hlutverk vatnsins er bæði ljóðrænt og heimspekilegt en einnig verkfræðilegt enda var áskorunin mikil þegar leiða átti vatn í gegnum þurrustu svæði veraldar

Birtugreining



Svæðiskipt greining

Skólavörðustígur

Birtugreining leiddi í ljós magn sólskins og skugga eftir svæðum. Út frá þeirri greiningu var byrjað skoða staðsetningu árstíðagarða og hlutverk þeirra í almenningsrýminu.

Athyglisvert er að sjá að Skólavörðustígurinn sem er norður-suður ás fær sólskin báðum megin við götuna eftir því hvort um morgun eða eftir hádegi er að ræða.

Einnig myndast töluverð birta við Bergstaðastræti (S-09) niður að Skólavörðustíg 8 (S-08, S-07) og Skólavörðustíg 1A, 4 og 6 (S-03, S-04). Aftur á móti er töluverður skuggi allan ársins hring við Bankastræti 14 (S-01).



01



02



03

01 Svæðisskipt rými: S-01 til S-09 **02** Vor og sumar **03** Haust og vetur

Laugavegur

Birtugreining á Laugavegi, sem er vestur-austur ás, sýndi fram á fjölbreytileika sólarljóss, en þar er möguleiki á morgun-, hádegis- og kvöldsól.

Svæðið fyrir framan Laugaveg 1 (L-04) er sérstaklega hentugt fyrir torgarmyndun, en birtuskilyrði eru þar mjög góð þar sem Skólavörðustígur og Laugavegur mætast.

Svæðið milli Laugavegs 3, 4 og 6 (L-04, L-05) er í meiri skugga en hin svæðin þegar litið er yfir árið.



01



02



03

01 Svæðisskipt rými: L-01 til L-05 **02** Vor og sumar **03** Haust og vetur

Vor

Þrjár mismunandi birtugreinininingar að vori til.



01



02



03

01 Maí 10:30 - 13:30 - 16:30 **02** Vor (mars,apríl og maí) 13:30 **03** Vernal (apríl og maí) 13:30-16:30

Sumar

Þrjár mismunandi birtugreinininingar að sumri til.



01



02



03

01 Ágúst 10:30 - 13:30 - 16:30 **02** Sumar (júní,júlí og ágúst) 13:30 **03** Serotinal (ágúst og september) 13:30-16:30

Gróður





Árstíðagarðar

Fjölbreytilegir garðar

Árstíðagörðunum verður skipt upp í fjóra flokka eftir árstíð: vor, sumar, haust og vetur. Hver árstíð mun vera með sinn eigin gróður og tré, og munu garðarnir þannig fléttast í einn heildrænan borgargarð sem blómstrar all árið í kringu.





01 Vor **02** Sumar

Staðsetning garða

Hver árstíðagarður mun vera staðsettur eftir magni sólarbirtu sem mælist út frá birtugreiningu. Þar af leiðandi mun vor-og sumargarðar vera á þeim svæðum sem mesta birtu er að finna yfir árið, en haust-og vetrargarðar munu vera í skuggsælum rýmum. Garðarnir verða síðan lýstir upp í skammdeginu og verða að heilsársgörðum.



03 Haust **04** Vetur

Þemamyndir





























Innblástur I

Verkefni í ólíkum skölum, bæði innanlands og utanlands, sem hafa veitt teyminu innblástur.

























Innblástur II

Verkefni í ólíkum skölum, bæði innanlands og utanlands, sem hafa veitt teyminu innblástur.

Drög





Frá hugmynd að formi

Hugarflug I

Skissur, form og þróun hugmynda að árstíðagörðum.



01



02



03

01 Myndlíking: Lækur (aðalgönguás) sem rennur í gegnum organískt landslag (árstíðagarða)

02 Aðalgönguás hliðraður og rými myndast fyrir geómetríska árstíðagarða þar sem birtan er mest

03 Árstíðagarðar endurtaka sig með mjúkum og sveigjanlegum formum

Hugarflug II

Skissur, form og þróun hugmynda að árstíðagörðum.



04



05



06

04 Aðalgönguásinn sveigjir sig milli geómetríska árstíðagarða (negatív-pósitív)

05 og 06 Árstíðagarðar verða að sjálfstæðum setsvæðum (þríhyningslaga formum) og aðalgönguás verður hluti af görðunum

Frá hugmynd að formi

Grunnþættir hugmyndar I

Grunnþættir hugmyndar, sem sýna uppskiptingu svæðisins sem skilgreina tillöguna



01



02



03

01 Lækurinn: Aðalgöngu-og þjónustuás svæðisins, sveigjir sig eins og vatnsrás í jöfnum flata frá efsta og niður í lægst punkt. Blágræn ofanvatnslausn.

02 Opin göngurými fyrir framan byggingar (2 metra breidd)

03 Flöt svæði fyrir fram byggingar bjóða uppá aðgengi fyrir alla

Grunnþættir hugmyndar II

Grunnþættir hugmyndar, sem sýna uppskiptingu svæðisins sem skilgreina tillöguna







04 Rými sem bjóða uppá fjölbreytilega notkun, bæði fyrir borgina og eigendur bygginga **05** Allir grunnþættir teknir saman og mótun göturýmis hafin **06** Endanlegir árstíðagarðar

Teikningar





Heildarsvæðið

Skólavörðustígur - Laugavegur

Ef horft er á svæðið í heild frá Laugavegi upp Skólavörðustíg að Bergstaðastræti, mætti segja að yfirbragð götumyndar væri breytt í garð.

Um er að ræða 16 upphækkaða garða eða reiti sem renna inn og sameinast grunnfletinum og mynda eina heild.

Gróður og staðsetning hvers garðs er þó hugsaður út frá birtu, sól og árstíðum. Göngu og þjónustuleið er fyrir miðju í jöfnum halla.

Við hvert hús er reynt að ná láréttum fleti sem eyðist út að miðju en halla í götu er náð með tröppum við húsaröð til hliðar.

Gott svæði myndast milli garða fyrir þjónustu, hvort sem það sé fyrir kaffiborð og stóla eða þjónustubíla að afferma vörur og annað eins.



Heildarsvæði: Yfirlitsteikning



01



02

01 Skólavörðustígur mætir Laugavegi: Grunnmynd **02** Skólavörðustígur mætir Bergstaðastræti: Grunnmynd



01



02

01 Skólavörðustígur mætir Laugavegi: Mæliteikning **02** Skólavörðustígur mætir Bergstaðastræti: Mæliteikning

Efnisval

Skólavörðustígur - Laugavegur

Grunnflötur er lagður hellusteini í þremur litum,- tveir gráir litatónar sem mynda grunn og skugga og ljósgrænar hellur sem mynda göngu- og þjónustusvæði auk þess að mynda tengingu við garðana.

Að auki er grágrýti lagt með húsaröðum og stefnulínur myndaðar, en það er steinn sem fyrir var á svæðinu og er endurnýttur.



Heildarsvæði: Efnisval

Árstíðagarðar

Skólavörðustígur - Laugavegur

Vorið kemur með ferskleikann og allt er að vakna eftir veturinn. Túlípanar, páskaliljur, toppar og rósakirsi eru dæmi um plöntur sem vakna blómstrandi snemma og gleðja okkur eftir dimman vetur. Allt þetta og meira til hafa vorgarðar að geyma.

Sumarið kemur með hita og birtu og þá vaknar allt blómahafið.
Tré laufgast út og rósir, sýrenur, kvistar blómstra. Fjölærar plöntur dreifa sér og blómstra. Plöntur skríða og ekki má gleyma laukum og matjurtum. Allt eru þetta dæmi sem sumargarðar hafa að geyma.

Haustið kemur og þá fara laufin að skipta litum á trjám og runnum.
Margar plöntur eru lengi að missa laufin og skemmta okkur með litadyrð. Hélurifs, snjóber, kobarreynir, kvistar, runnamurra og fleiri tegundir blómstra og verða litríkar. Þetta er allt dæmi um hvað haustgarðar geta gefið okkur.

Veturinn kemur með myrkur og kulda. Við lyftum upp vetrinum með sígrænum plöntum, plöntum með fallega stilka og þá sem geyma forða eins og ber fyrir fuglana svo sem eini, furu, sveighyrni, sóp, brárunna, lambarunna, snjóber o.fl. Vetrargarðar gefa sumrinu ekkert eftir og með mildum litum og með notalegri lýsingu má láta garðana breyta um ásýnd.



Heildarsvæði: Árstíðagarðar

Útisvæði

Skólavörðustígur - Laugavegur

Rými til notkunar fyrir utan veitingastaði og verslanir eykst mikið með því að gera yfirborð í litlum halla. Svæði nýtast því til að vera með borð og stóla eða útimarkaði. Gróðurker sem taka upp hæðarmun nýtast sem setsvæði bæði á stköntum á stalkerjum og einnig sem setsvæði á grassvæðum.



Heildarsvæði: Möguleg útisvæði fyrir kaffi-og veitingahús



Svæði í kringum Skólavörðustíg10: Grunnmynd



01



02

01 Snið A-A **02** Snið B-B



Svæði í kringum Skólavörðustíg 5: Grunnmynd



01 Snið C-C **02** Snið D-D



Svæði í kringum Skólavörðustíg 6: Grunnmynd



01



02

01 Snið E-E **02** Snið F-F



Svæði í kringum Skólavörðustíg 4: Grunnmynd



01



02

01 Snið G-G **02** Snið H-H



Svæði í kringum Skólavörðustíg 2: Grunnmynd

MKV. 1:50



01

01 Snið I-I



Svæði í kringum Laugaveg 1 og 2: Grunnmynd



01



02

01 Snið L-L (a) **02** Snið L-L (b)



Svæði í kringum Bankastræti 11: Grunnmynd



01



02

01 Snið K-K (a) **02** Snið K-K (b)



Svæði í kringum Laugaveg 3: Grunnmynd


2
4.7
2.4
2.7
gróðurbeð - HAUST
húsveggur
setbekkur - stálgrind með lerkisetu
0.4
0.5
burðarlag 80cm
gróðurmold 50cm
hellur grágrænar 10cm á breidd
og 8cm á þykkt
en misunandi langar
steypt undirstaða
snjóbærðsla í sandlagi 8-12cm
hellur grágrýti 10x20x8cm - 3 raðir meðfram húsi
hellur gráar 10cm á breidd
og 8cm á þykkt en misunandi langar

01

01 Snið M-M



01



02



03



04



05



06



07



08

01 Snið A-A **02** Snið B-B **03** Snið C-C **04** Snið D-D **05** Snið E-E **06** Snið F-F **07** Snið G-G **08** Snið H-H



09



10



11



12



13



14

09 Snið I-I **10** Snið J-J **11** Snið K-K **12** Snið L-L **13** Snið M-M **13** Yfirlitsmynd

Skissur





Nýtt torg - Laugatorg

Horn Skólavörðustígs og Laugavegar

Nýtt torg, Laugatorg, verður til og rammast inn af núverandi byggingum og framtíðargörðum. Staðsetning torgsins býður upp á fjölbreytileika bæði í notkun og rými. Ólíkir ártíðagarðar bjóða upp á setusvæði umvafin vatni og gróðri. Rýmið verður í senn persónulegt og líflegt allan ársins hring.

Hallgrímskirkja er viðmið og áttaviti borgarinnar. Hér teygir turninn sig niður á Laugaveg með eintóna steingrárri hellulögn á móti ljósgráum og ljósgrænum hellum í yfirborði götunnar.



Skuggi Hallgrímskirkju teygir sig inn í nýtt almenningsrými: Laugatorg





Leikur að skuggum I

Fyrstu skissur af skugga Hallgrímskirkju. Hvort sem gengið er niður eða upp Laugaveg þá er Hallgrímskirkja sýnileg.

Kjaftaklöpp

Gatnamót Skólavörðustígs og Bergstaðastrætis

Tillaga er sett fram að breyta gatnamótum Skólavörðustígs og Bergstaðastrætis í torg. Almenningsrýmið verður í senn ákveðin taktbreyting þegar gengið er niður Skólavörðustíginn sem og tenging við Hegningarhúsið og garðinn sem þar er verið að gera upp.

Á torginu er hliðraður miðpunktur, svokölluð Kjaftaklöpp sem er eitt af sögulegum kennileitum Skólavörðustígs sem lítið ber á í núverandi mynd. Með einföldum leik í hellulögn má auka vægi hennar og vonandi gera klöppina að stefnumótastað að nýju.



Kjaftaklöppin verður miðpunkturinn í nýju almenningsrými





Leikur að skuggum II

Með steingráum hellum á móti eintóna ljósari hellum á gatnamótum Skólavörðustígs og Bergstaðastræti eru myndaðir skuggar af fólki sem hlustar af athygli á ræðumann á klöppinni. Teikning skuggana myndast frá ljósi ræðumanns. Upplýsandi ræða og stöðugir áheyrendur í samtal um lifandi borg.

Leikur að vatni

Mósaíkvatnslaugar

Hugmynd að árstíðagarði á horni Skólavörðustígs og Laugavegar með setubekk, grasi og vatni. Tveir litatónar af bláum mósaíkflísum eru í botni vatnslauga og er vatnið heitt eða kalt eftir því í hvaða árstíð við erum.



Árstíðagarðar með setubekk og vatni, mósaíkflísar í botni vatnslauga





Útfærslur af vatnslaugum

Fyrstu hugmyndir af árstíðagörðum á horni Skólavörðustígs og Laugavegar.

Mokka Kaffi

Vatnshani og bekkur

Fyrir utan Mokkakaffi mætti koma fyrir vatnshana í formi kaffibolla. Mokkakaffi er eitt elsta kaffihús Reykjavíkur, stofnað 1958 og fyrsta kaffihúsið sem bauð uppá ítalskt espressókaffi. Setubekkur, beygt pólýhúðað stál myndar bekk sem liggur á steyptum þunnum vegg.



Vatnshani, tímastilltur vatnskrani (drykkjarvatn) rennur í skál með fölskum botni og myndar þunnt vatnsyfirborð. Yfirborðsvatn lekur úr skálinni þegar skrúfað er frá og nærir mosagarð sem umlykur skálina um leið og fólk fyllir á vatnsbrúsa sína.

Útfærslur af vatnshönum

Mismunandi útfærslur af vatnshönum sem gætu verið í formi skúlptúrs eða ártíðagarðs.









Götugögn

Lýsing, bekkur og ruslastandur

Götugögnin í verkefninu eru fest við árstíðagarðanna og eru þau öll úr beygðu pólýhúðuðu stáli eins og garðanir sjálfir.



Árstíðagarður með ljósi, ljósastandur tekur mið af formi trjástofns með einfaldan beygðan kúpul úr pólýhúðuðu stáli líkt og setubekkirnir. Setubekkur og ruslafata, beygt pólýhúðað stál.





Hjólastandur

Reiðhjólastandur fyrir bókmenntaborgina Reykjavík. Standurinn er úr ryðfríu stáli, formaður eins og bók á hvolfi með kjölinn upp. Merkja mætti hvern stand ákveðnum rithöfundi og þannig mynda stefnumótastað við Halldór Laxness eða Sigurð Pálsson.

Prívídd





Horft í suðaustur að Hallgrímskirkju



Horft í norðvestur frá Hallgrímskirkju



Horft í norðaustur yfir svæðið



Horft í suðvestur yfir svæðið



Horft í norðvestur að hinu nýja "Laugatorgi"



Horft í suður að nýrri "kjaftaklöpp" á krossgötum Skólavörðustígs og Bergstaðastrætis



Nýtt "Laugatorg" þar sem Laugavegur og Skólavörðustígur mætast



Ný útfærsla á "Kjaftaklöppinni" þar sem Bergstaðastræti og Skólavörðustígur mætast



Horft frá horni Bankastrætis 7a (Sólon Bistro) að Laugavegi 2



Horft niður að Laugavegi frá vegamótum Skólavörðustígs og Bergstaðastrætis



Hið nýja "Laugatorg" þar sem Laugavegur og Skólavörðustígur mætast



Litið til Bankastrætis frá Laugavegi 4 og 5



Litið upp Skólavörðustíginn frá Laugavegi 2



Litið niður Skólvörðustíg sem mætir Laugavegi og Bankastræti



Horft niður að Laugavegi og Bankastræti frá Skólavörðustíg 3a (Mokka Kaffi)



Nýtt almenningsrými: “Laugatorg”



Vatnslaugar og setusvæði á "Laugatorgi" með Hallgrímskirkju í bakgrunni



Á horni Laugavegs 2 : Horft á átt að Hallgrímskirkju



Á horni Laugavegs 2 : Horft til Bankastrætis 7a (Sólon Bistro)



Sólsetur: Horft til Bankastrætis frá Laugavegi 3



Kvöldsól: Sólargeislar lýsa upp nýtt "Laugatorg"



Kvöldstund: Vatnslaugar endurspegla sólarljósinu á "Laugatorgi"



Árstíðagarður með setubekk og vatni (mósaíkflísar í botni vatnslauga) á “Laugatorgi”



Morgunsól lýsir upp Skólavörðustíginn og “Laugatorg”



Líflleg og fjölbreytileg útisvæði innan um árstíðagarða



Litið til árstíðagarðs við Skólavörðustíg 4



Horft yfir ný setusvæði fyrir framan Mokka Kaffi á Skólavörðustíg 3a



Árstíðagarður milli Skólavörðustígs 5 og 8



Setusvæði við Skólavörðustíg 10 (Kaffifélagið)



Litið frá Skólavörðustíg 5 á ská yfir göngugötuna í átt að Skólavörðustíg 8



Litið niður Skólavörðustíg frá horni Bergstaðastrætis 4



Horft í austur að Laugavegi 2 frá svölum Bankastrætis 14



Horft yfir "Laugatorg" frá svölum Bankastrætis 11

Takk fyrir



9 SKREF

Breyting Laugavegar í göngugötu

Baldur Helgi Snorrason, arkitekt
Jóhann Sindri Pétursson, landslagsarkitekt
Nils Wiberg, gagnvirknihönnuður

Göngugötur geta hvatt til félagslegra athafna: Að setjast niður til að hvíla sig, njóta útsýnis, borða eða leika sér- þá skiptir máli að rýmið sé hannað með fjölbreytt litróf mannlegra athafna í huga. Því eru vel hönnuð göturými nauðsynleg. Þegar vel er að þeim staðið skapast ný tækifæri til samskipta og tengsla. Mannlíf á götum, í görðum og öðrum útirýmum hefur margfaldast á síðustu árum með auknu ferðamannastreymi til landsins. Þessu aukna flæði fólks í borgarumhverfinu þarf að hlúa að, bæði til að til þess að styðja við félagslegar athafnir gangandi vegfarenda og til að þjónusta þarfir þeirra.

Hópurinn
Hópurinn samanstendur af arkitekt, landslagsarkitekt og gagnvirkni/upplifunar hönnuði. Hann býr yfir reynslu af hönnun götugagna og almenningsrýma. Allt frá smíði og framleiðslu á götugögnum, skipulagningu stærri almenningsrýma að gagnvirkum sýningum og listaverkum. Baldur hefur undanfarin misseri fengist við ýmsa hönnun og smíði á götugögnum og öðrum smáarkitektúr fyrir einkaaðila og Reykjavíkurborg. Nils hefur sem gagnvirkni og upplifunarhönnuður Gagarín hannað ótal sýningar víðsvegar um heim og unnið hin eftirsóttu Red Dot verðlaun fyrir í tvígang. Jóhann hefur margra ára reynslu sem landslagsarkitekt á stofunni Landmótun þar sem hann hefur komið að hönnun og skipulagi almenningsrýma.

Nálgun
Hópurinn nálgast hönnunarvinnuna með líf gatnanna að leiðarljósi. Með því er til jafns átt við íbúa, rekstraraðila og gesti svæðanna. Hópurinn vill nýta sér það aðdráttarafl sem svæðið hefur í dag og styrkja sess þess sem eitt helsta mannlífssvæði landsins. Sérstaða svæðisins felst að mörgu leyti í notkun á því allt árið um kring nærri allan tíma sólarhringsins enda er svæðið einn mest sótti viðkomustaður ferðamanna á landinu.

Áhersla er lögð á margbreytilega notkun göturýmis og gagna. Við leggjum áherslu á að göngugatan sé ekki einungis virk á sumrin heldur viljum við nýta þá sérstöðu sem Ísland hefur sem borg á norðlægum slóðum. Við viljum upphefja þá eiginleika og styrkleika sem okkar svæði hefur nú þegar að bera og bæta þar sem við á. Göngugatan er hönnuð af virðingu við byggingar sem standa við laugaveginn og tíðarandann sem hann býr yfir. Við teljum rétta nálgun vera í látlausri, tímalausri en jafnframt notendavænni hönnun sem er í takt við umhverfi sitt. Tillagan þarf ennfremur að vera áhugaverð og vekja forvitni gesta og gangandi.

Hellulögn og götugögn
Fyrir liggur forhönnunarvinna arkitektastofunnar Arkís sem lagt var upp með. Notast er við hellulagnarmynstur sem kom úr þeirri vinnu. Um er að ræða svokallað síldarbeinamynstur af steyptum hellum í mismunandi litum. Hellumynstrið vísar í klömbruhleðslur gömlu torfbæjanna og hefur því sögulega skírskotun. Þetta minni yfirfærum við á götugögn, lögun trjágrinda og gróðurbeða með tíglamynstri klambranna sem býr til ákveðna tengingu milli götuflatar og gagna. Við leggjum áherlsu á staðsetning dvalarsvæða njóti sólar en við höfum stuðst við skuggavarpslíkan til að finna ákjósanlegar staðsetningar fyrir bekki og gróður.

Gróður
Tré við göturnar hafa í gegnum árin skilað skjóli en gera mætti betur í að færa gróðurinn niður á yfirborðið til fólksins og tengja við ofanvatnslausnir gatnanna. Þannig væri hægt að skapa umhverfisvænt yfirborð sem eykur vellíðan notenda. Þetta gerum við með því að styrkja þær aspir sem eru nú þegar á okkar götuhluta með lággróðri í kringum trén í beðum sólarmegin í götu.

Aðgengismál
Mikilvægt er að aðgengismál séu leyst þannig að aðgengi að verslun og þjónustu sé greið fyrir alla gesti laugavegarins jafnt sem birgja, sjúkra og slökkviliðsbíla. Eitt uppstig er í flestar verslanir á okkar svæðum eða sem jafngildir í kringum 15-20 cm. Þetta heftir aðgengi þeirra sem eru bundnir hjólastól sem komast ekki inn í verslanir nema með aðstoð. Við leggjum því til að yfirborðsflötur svæðanna sé hækkaður um þetta uppstig svo greið leið sé inn í verslanir. Við teljum þetta vera betri og fallegri lausn en að bæta við fyrirferðarmiklum römpum á víð og dreif í göturýminu. Við leggum áherslu á að göturýmið sé opið og gott umferðarrými þar sem að göngugatan þarf að bera mikinn straum fólks við ákveðin tilefni.

Stöllun
Svæðið okkar á horni Bankastrætis og Ingólfsstrætis hefur lengi verið nýtt sem dvalarrými. Þarna er opið til allra átta, svæðið liggur vel gagnvart sólu og útsýni niður Bankastrætið heillar.
Tillaga okkar snýr að því að gera svæðið notendavænna sem dvalarrými með því að slétta úr gólffleti, svæðið er í halla sem hentar illa fyrir borð og stóla.

Með því að stalla götuna fáum við tvo slétta fleti sem opnast út að götu. Þarna verða til afdrep sem hentar vel fyrir rekstraraðila sem geta þá nýtt svæðið fyrir viðskiptavini sína eða hvern þann sem vill njóta sólar og virða fyrir sér mannlífið.

Lýsing
Við leggjum áherslu á að göngugatan sé ekki einungis virk á sumrin heldur viljum við nýta þá sérstöðu sem Ísland hefur sem borg á norðlægum slóðum. Tillaga okkar gerir ráð fyrir ljósverki í gólffleti sem er hugsuð sem upplifunarverk í árstíðum þegar sól er lágt á lofti. Götuflöturinn er virkjaður með smágerðum ljóspunktum sem er dreift af handahófi yfir göngugötuna. Ljósin væri svo tengd við búnað þar sem ljósmagni, litum og takti væri stjórnað.

Þá væri hægt að vinna að áhugaverðum útfærslum á ljósverki með skírskotun í sögu eða til hátíðarbrigða. Spor kvennana sem röltu upp laugaveginn með þvottinn sinn hér áður fyrr gætu birst sem smágerðir ljóspunktar sem hreyfast upp og niður laugaveginn. Við ákveðin tilefni líkt og vetrarhátíð væri hægt að forrita ljósin til þess að skipta litum eða andadráttur borgarinnar gæti birst í ljósum sem dofna og styrkjast á víxl. Að auki væri hægt að tengja ljósverkið við árstíðarskipti t.d væri hægt að kveikja á verkinu á vetrarhátíð og slökkt á sumardaginn fyrsta.

SKUGGAVARP Í MARS



20 mars. kl 10:00



20 mars. kl 13:30



20 mars. kl 15:00



20 mars. kl 17:00

SKUGGAVARP Í JÚNÍ



21 júní. kl 10:00



21 júní. kl 13:30



21 júní. kl 15:00



21 júní. kl 17:00

SKUGGAVARP Í SEPTEMBER



23 sept. kl 10:00



23 sept. kl 13:30



23 sept. kl 15:00



23 sept. kl 17:00

SKUGGAVARP Í DESEMBER



21 des. kl 10:00



21 des. kl 13:30



21 des. kl 15:00



21 des. kl 17:00


Ingólfstræti-Bankastræti
smiðjustígur - Skólavörðustígur


smiðjustígur - Skólavörðustígur
Ingólfstræti-Bankastræti



Stöllun í Bankastræti



Stöllun í Bankastræti



Stöllun í Bankastræti



N

TEXTASKÝRINGAR



HÖNNNUN:

bark studio — Baldur Helgi Snorrason, arkitekt Aí
bark studio - www.barkstudio.is - baldurhs@gmail.com

LANDMÓTUN — Landmótun Landslagsarkitektar
Jóhann Sindri Pétursson - Landslagsarkitekt FÍLA
landmotun@landmotun.is www.landmotun.is

Nils Wiberg, gagnvirkni hönnuður
Institute for peripheral architecture
fax: +39 02 5832 5272

SAMRÆMINGARHÖNNNUN:

Dagný Bjarnadóttir - Dagný Land Design
Toppstöðin, Rafstöðvarvegi 4, 110 RVK
sími: 820 5355 dagny@dld.is www.dld.is

YFIRLITSMYND

EFNI: **Bankastræti**

Göngugata 9 skref

Hlutar Bankastrætis og Laugavegar

VERKKAUPI:	Umhverfis- og skipulagssvið
KENNITALA VERKKAUPA:	570480-0149

Verknúmer	Teikningarn.	Fjölvarfa	Sega snúmerg
HT2101	A01	.	

MÆLIKVARÐI:	1:200	FRUMSTÆRÐ BLADS:	A2
TEIKNAÐ AF:	JSP	YFIRFARÍÐ:	BHS
DAGSETNING:	12.05.2021		

Ósamræmi í gögnum skal án tafa tilkynna skriflega til hönnuða

Teikningunna má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild án skriflega leyfis höfundar.



TEXTASKÝRINGAR



HÖNNUN:

bark studio
Baldur Helgi Snorrason, arkitekt Aí
bark studio - www.barkstudio.is - baldurhs@gmail.com

LANDMÓTUN
Landmótun Landslagsarkitektar
Jóhann Sindri Pétursson - Landslagsarkitekt FÍLA
landmotun@landmotun.is www.landmotun.is

Nils Wiberg, gagnvirkni hönnuður
Institute for peripheral architecture
fax: +38 02 5832 5272

SAMRÆMINGARHÖNNUN:

Dagný Bjarnadóttir - Dagný Land Design
Toppstöðin, Rafstöðvarvegi 4, 110 RVK
sími: 820 5355 dagny@dld.is www.dld.is

GRUNNMYND

EFNI: **Laugavegur-Bankastræti**

Göngugata 9 skref

Hlutar Bankastrætis og Laugavegar

VERKKAUPI:	Umhverfis- og skipulagssvið
KENNITALA VERKKAUPA:	570480-0149

Verkkaupi	Verkkaupa	Dokumentnr.	Dagsetning
HT2101	G02		

MÆLIKVARÐI:	1:100	FRUMSTÆRÐ BLAÐS:	A2
TEIKNAÐ AF:	JSP	YFIRFARIÐ:	BHS
DAGSETNING:	12.05.2021		



Langsnið eftir gatnamótum Laugavegar/Bankastrætis, 1:100



Langsnið eftir Ingólfsstræti þar sem það þverar Bankastræti/Laugaveg, 1:100

TEXTASKÝRINGAR



HÖNNUN:

bark studio
Baldur Helgi Snorrason, arkitekt Aí
bark studio - www.barkstudio.is - baldurhs@gmail.com

LANDMÓTUN
Landmótun Landslagsarkitektar
Jóhann Sindri Pétursson - Landslagsarkitekt FÍLA
landmotun@landmotun.is www.landmotun.is

Nils Wiberg, gagnvirkni hönnuður
Institute for peripheral architecture
fax: +39 02 5832 5272

SAMRÆMINGARHÖNNUN:

dld
Dagný Bjarnadóttir - Dagný Land Design
Toppstöðin, Rafstöðvarvegi 4, 110 RVK
sími: 820 5355 dagny@dld.is www.dld.is

Snið

EFNI: **Bankastræti - Laugavegur**

Göngugata 9 skref
Gatnamót Bankastrætis og Laugavegar

VERKKAUPI:	Umhverfis- og skipulagssvið
KENNITALA VERKKAUPA:	570480-0149

Verknúmer	Teikningarnr.	Útgáfa	Síðar útgáfa
HT2101	H02		

MÆLIKVARÐI:	1:100	FRUMSTÆRÐ BLAÐS:	A2
TEIKNAÐ AF:	JSP	YFIRFARIÐ:	BHS
DAGSETNING:	12.05.2021		

Ósamræmni í gögnum skal án tafa tilkynna skriflega til hönnuða Teikninguna má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild án skriflegs leyfis höfundar.



Langsnið eftir Laugavegi 3-7, horft til norðurs



Langsnið eftir Laugavegi 7-11, horft til norðurs

TEXTASKÝRINGAR



HÖNNNUN:

bark studio

Baldur Helgi Snorrason, arkitekt Aí
bark studio - www.barkstudio.is - baldurhs@gmail.com

LANDMÓTUN

Landmótun Landslagsarkitektar
Jóhann Sindri Pétursson - Landslagsarkitekt FÍLA
landmotun@landmotun.is www.landmotun.is

Nils Wiberg, gagnvirkni hönnuður
Institute for peripheral architecture
fax: +39 02 5832 5272

SAMRÆMINGARHÖNNNUN:

Dagný Bjarnadóttir - Dagný Land Design
Toppstöðin, Ralstoðvarvegi 4, 110 RVK
sími: 820 5355 dagny@dld.is www.dld.is

GRUNNMYND

EFNI: **Laugavegur-Bergstaðast./Smiðjust.**

Göngugata 9 skref
Hlutar Bankastrætis og Laugavegar

VERKKAUPI:	Umhverfis- og skipulagssvið
KENNITALA VERKKAUPA:	570480-0149

Teikningarn	Teikning	Stæp. Ankning
HT2101 H01		.

MÆLIKVARDI:	1:100	FRUMSTÆRD BLADS:	A2
TEIKNAÐ AF:	JSP	YFIRFARID:	BHS
DAGSETNING:	12.05.2021		

Ósamræmi í gögnum skal án tafa tilkynna skriflega til hönnuða

Teikningunа má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í held án skriflega leyfis höfundar.





N

TEXTASKÝRINGAR



HÖNNNUN:

bark studio

Baldur Helgi Snorrason, arkitekt AÍ
bark studio - www.barkstudio.is - baldurhs@gmail.com

LANDMÓTUN

Landmótun Landslagsarkitektar
Jóhann Sindri Pétursson - Landslagsarkitekt FÍLA
landmotun@landmotun.is www.landmotun.is

Nils Wiberg, gagnvirkni hönnuður
Institute for peripheral architecture
fax: +39 02 5832 5272

SAMRÆMINGARHÖNNNUN:

Dagný Bjarnadóttir - Dagný Land Design
Toppstöðin, Rafstöðvarvegi 4, 110 RVK
sími: 820 5355 dagny@dld.is www.dld.is

YFIRLITSMYND

EFNI: **Laugavegur**

Göngugata 9 skref
Hlutar Bankastrætis og Laugavegar

VERKKAUPI:	Umhverfis- og skipulagssvið
KENNITALA VERKKAUPA:	570480-0149

Verknúmer	Teikningarnr.	Fjöldi	Tegn. kvarði
HT2101	A02	-	

MÆLIKVARÐI:	1:200	FRUMSTÆRÐ BLAÐS:	A2
TEIKNAÐ AF:	JSP	YFIRFARIÐ:	BHS
DAGSETNING:	12.05.2021		

Ósamræmi í gögnum skal ár tafa tilkynna skriflega til hönnuða

Teikningunna má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild án skriflega leyfis höfundar.



N

TEXTASKÝRINGAR



HÖNNUN:

bark studio

Baldur Helgi Snorrason, arkitekt AÍ
bark studio - www.barkstudio.is - baldurhs@gmail.com

LANDMÓTUN

Landmótun Landslagsarkitektar
Johann Sindri Pétursson - Landslagsarkitekt FÍLA
landmotun@landmotun.is www.landmotun.is

Nils Wiberg, gagsvirkni hönnuður
Institute for peripheral architecture
fax: +39 02 5832 5272

SAMRÆMINGARHÖNNUN:

Dagný Bjarnadóttir - Dagný Land Design
Toppstöðin, Rafstöðvarvegi 4, 110 RVK
sími: 820 5355 dagny@dld.is www.dld.is

GRUNNMYND

EFNI: **Laugavegur-Bergstaðast./Smiðjust.**

Göngugata 9 skref
Hlutar Bankastrætis og Laugavegar

VERKKAUPI:		Umhverfis- og skipulagssvið	
KENNITALA VERKKAUPA:		570480-0149	
Verknúmer	Teikningar	Fraumtal	Tegn. ansvarlig
HT2101	G01		
MÆLIKVARÐI:	1:50	FRUMSTÆRÐ BLADS:	A2
TEIKNAÐ AF:	JSP	YFIRFARIÐ:	BHS
DAGSETNING:	11.05.2021		

Ósamræmi í gögnum skal án tafa tilkynna skriflega til hönnuða

Teikningunna má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild án skriflega leyfis höfundar.























FLÆÐI

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

REK
Ragnhildur Skarphéðinsdóttir landslagsarkítekt
Elín Hansdóttir myndlistarmaður
Kristján Kristjánsson lýsingarhönnuður

INNGANGUR

Umhverfinu er gjarnan líkt við „leiksvið þar sem lífið fer fram“. Gæði umhverfis skiptir höfuðmáli fyrir andlega, félagslega og líkamlega vellíðan mannsins. Fjölbreytt opin svæði —stór og smá —, manngerð eða náttúruleg, líma saman byggð og ból. Þau eru lungu lifandi samfélags. Hugmyndirnar sem hér eru kynntar að framtíðarsýn göngugatnana Vegamótastígs og Laugavegar - milli Klappastígs og Bergstaðastrætis - , tekur mið af þessum einkunnarorðum.

NÁLGUN

Við upphaf verkefnisins voru göturýmin tvö greind í hvívetna; ótal hugmyndnum varpað upp, þær metnar og gefið vægi. Sumar hlutu braugtargengi til áframhaldandi skoðunar, öðrum var kastað fyrir róða. Allar beindust þær þó að því markmiði að skapa grundvöll - og umgjörð -, fyrir lifandi samfélag og sterkan staðaranda.

HUGMYNDIN Í HNOTSKURN

Öll uppbygging og mótun göturýmanna miðar að **fjölbreytni** og **sveigjanleika** í gerð, sem þjóna ólíkum þörfum. **Virðing** er borin fyrir staðaranda fyrrum byggðar með skírskotun í mælikvarða, starfsemi og sjónása. Fortíð og nútíð fléttast saman í heilsteypta nútímalega borgarmynd, sem endurspeglar borgarmenningu samtímans.

Þessum göturýmum er ætlað að vera staðir töfra og ævintýra. Staðir sem örva öll skynfærin.

Áhersla er lögð á heildstætt yfirbragð og einfalda, en fágaða efnisnotkun í hvívetna. Efni sem falla vel að umhverfi sínu, spila saman innbyrðis, veðrast vel og hæfa því hlutverki sem þau eiga að þjóna hvað varðar umhverfisgæði, fagurfræði og viðhald.

Gert er ráð fyrir steyptri hellulögn (í ljósum litatónum), í bland við steypt yfirborð í sama tón. Ljósleiki yfirborðsins stækkar göturýmið og hleypur birtunni inn í það. Götugögnin bera jafnframt sama litablæinn, þannig að allt rýmið myndar eina sjónræna heild.

Sterkasti einstaki hlutur í yfirbragði göturýmanna - og gerir þau svo frábrugðið öðrum rýmum -, eru hárfínar dansandi línur sem flæða yfir yfirborðið og ljá því einstakan blæ sem endalaust tekur á sig nýja mynd eftir birtu árstíða og ljóss. **Flæðilínurnar** sem gerðar eru úr stáli, minna á svo margt í náttúrunni, sögunni, á landi sem og legi. Þær hreifa við hverjum vegfarenda; upplifun þeirra og sýn. Þær eru **kennileiti** staðarins.

Hvort göturými um sig hefur samt sitt eigið svipmót, áferð og yfirbragð, þó svo að yfirborðsefni þeirra séu að mestu samhæfð og tengir þau því sjónrænt séð.

Megineinkenni **Laugavegarins** er sterkur miðjuás, þar sem götugögnum, lýsingu, gróðri og öðrum götuíhlutum er raðað inn. Staðsetning helstu dvalarsvæða tekur mið af skuggavarpslíkani götunnar og þess gætt að þau snúi sem best við sólu. Meðfram ásnum – beggja megin-, liggja almennu umferðarýmin; breið, björt og örugg og flæða sín á milli í gegnum ásinn og tengja saman norður- og suðurhlið göturýmisins. Fjölbreytt starfsemi fer fram í húsunum er móta göturými Laugavegarins. Eðlilegt er að sú starfsemi eigi möguleika á hóflegri þróun og fái að flæða út í rýmið utandyra; heimasvæðið, þar sem m.a. má koma fyrir stólum og litlum borðum, gróðurpottum eða smávöru.

Vegamótastígurinn er annars konar rými. Landhalli er töluverður og eru þessir landkostir nýttir til hins ýtrasta í umhverfismótuninni. Hér er **upplifunarþátturinn** kjarninn. Brekkan er stöllud til miðju, með lágum, djúpum uppstigum, í bland við taktfasta staðsetningu jafnlangra setbekkja, sem afmarka mistóra palla og svæði. Stórt torg er myndað ofarlega í göturýminu og tengir saman nýtt hótel og veitingahús stígsins, sem fá hér kjörið tækifæri til alls konar uppákoma. Flæðilínurnar eru sérstaklega áberandi hérna, þar sem þær liðast niður brekkuna og minna á hraunfæði náttúrunnar, hæðarlínur í landi, vindátt veðurkortsins eða mjúka bylgjuhreyfingu öldunar þegar hún leggst að landi. Meðfram jöðrum húsanna liggja misbreiðar skábrautir; aðgengi fyrir alla.

REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

GREINARGERÐ

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN

Þó svo yfirbragð göturýmisins sé dregið sterkum en einföldum línum, er það síður en svo óumbreytanlegt. Hin hreinu form tryggja, umfram allt, **sveigjanleika** þess: uppákomur að vori/sumri, sem eru gjörólíkar þeim sem eru að hausti/vetri, þar sem margbreytileiki lýsingar er í lykilhlutverki.

Gatan þarf að skila sínu árið um kring.

Við mótum Laugavegar og Vegamótastígs mætti t.d. koma fyrir færanlegu sviði fyrir margháttaða viðburði, áhorfendur standa á efri pöllunum og tylla sér á setpallana. Þessu má einnig snúa við, nýta efri hlutan (torgið) fyrir svið. Ás Laugavegarins er einnig kjörinn vettvangur fyrir útimarkaði
og veitingatjöld.

En rými getur verið án þess að rembast. Þá skiptir öllu máli að það sé vettvangur án yfirlætis, notalegur reitur, þar sem **þægindi** og afþreying felast í því að hanga á bekk og upplifa litbrigði mannlífs og umhverfis - hver með sjálfum sér.

AÐGENGI

Rík áhersla er lögð á aðgengi fyrir alla og öruggt og skýrt umferðaflæði. Það er m.a. gert með snjóbræddum, breiðum, hindranalausum og vel upplýstum göngusvæðum, efnisvali og sléttleika yfirborðsins, leiðarlínum, bættri hæðarafstöðu og staðsetningu götuganga.

Þar sem því verður við komið, er lágum uppstigum (einu þrepi) að verslunum og þjónustu-rýmum eytt. Hindranir eru þó víða innandyra og þurfa þær endurbætur að eiga sér stað svo umhverfisbætur utandyra skili sér.

Aðkoma sérbíla er tryggð sem og aðföng birgja. Á Laugaveginum hefur ásinn verið opnaður á tveimur stöðum, sem þjónustubílar geta nýtt sér við affermingar að morgni, án þess að hindra umferð annarra bíla í sömu erindagjörðum.

LÝSING /LJÓSVIST

HAGNÝT LÝSING

Lýsing er afar veigamikil þáttur í hugmyndinni allri og hefur sterk áhrif á alla umhverfismótun, yfirbragð svæðisins og notagildi. Í hönnuninni er mikið lagt uppúr því að lýsingin skapi karakter og upplifun. Áhersla er á, að almenn hagnýt lýsing veiti vegfarendanum öryggistilfinningu og sé leiðandi fyrir vegfarendan á svæðinu. Jafnleiki birtunar er hærri en kröfur kalla eftir til að tryggja að lýsing henti einnig þeim sem eru lögblindir eða sjónskertir. Sérstök áhersla er á að glýjuvarnir séu góðar, svo lýsing valdi sem minnstri truflun fyrir íbúa og vegfaranda við Laugaveg. Ljósgæðin eru góð, ljósalitur og hitastig eru hlýleg og bjóðandi.

UPPLIFUNARLÝSING

Ásamt almenni hagnýtri lýsingu er upplifunarlýsing, sem eykur fjölbreytileika svæðisins, undirstrika jákvæða nætur upplifun af svæðinu og leggur áherslu á viðburði, listsköpun og spennandi form innan göturýmisins.

GÖTUGÖGN

Götugögn (bekkir) eru samtvinnuð göturýminu, þar sem þau virðast vaxa upp úr yfirborði þess. Silfurtæru flæðilínurnar leggjast að þeim eða fljóta í gegnum þau.

Göturýmin tvö hafa þó hvert sitt einkenni hvað varðar götgögn. Í Vegamótastígnum mynda bekkirnir hluta af setpöllum sem lagðir eru þvert á landhallan og afmarka dvalarsvæðin með sterkum lágréttum línum, en í Laugaveginum minna götugögnin helst á sjávarvölur með sínum mjúku, ávölu formum. Steinvölurnar setja afar sterkan svip á göturými Laugavegarins og má með sanni segja að þær þjóni einnig hlutverki listar og leikja.

REK
Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

GREINARGERÐ

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN

GRÓÐUR

Trjágróður setur sterkan svip á yfirbragð Laugavegarins og aðliggjandi göturými - til fegrunar, markvissrar rýmis- og skjólmyndunar, bættrar hljóðvistar, kolefnisbindingar og sem hluti mengunarvarna. Borgartréin mynda ákveðið mótvægi við runnana í aðliggjandi götum, en eru jafnframt skírskotun í trjámenningu þessa hluta borgarinnar. Lögð er áhersla á þær tegundir sem henta hvað helst og taka mið af staðháttum og árstíðarskiptum (t.d. reyni-tegundir). Frágangur við tréin skal vera hluti ofanvatnslausna götunnar þar sem því verður við komið.

Að öðru leyti er ekki er gert ráð fyrir hefðbundnum gróðri, heldur er gengið út frá þeirri hugsun að skapa megi eins konar **“gróðurlandslag á hjólum”** frá þeim verslunum og þjónusturýmum sem göturnar afmarka: frístandandi gróðurpottar og hengikörfur, sem endalaust taka á sig nýja liti og angan eftir árstíðunum. Laugavegurinn á að geta staðið einn og sér með sýnum föstu hlutum, enda nóg sem gleður augað.

SAGAN

Margvísleg saga sem göturnar tvær geyma, s.s. þróun þeirra og uppbygging, merkir atburðir eða tímamót, byggingarlist, menningarsaga, orðlist, ljóðlist, og jafnvel samtímasaga, eiga sinn sess í hugmyndum að endurbótum gatnana. Skírskotun, tilvísanir og tengingar þeirra við nútíð og framtíð skila sér m.a. í inngreyptu myndefni á yfirborði og veggskjöldum. En einnig í mismunandi birtu kvöldroðans og árstíðaskiptanna, þar sem nýjustu tækni í ljósvist er beitt yfir lóðrétta og lárétta fleti veggja og yfirborðs, og eykur þar með enn frekar áhrifamátt og upplifun göturýmana.

AÐ LOKUM ÞETTA

Velgengni hvers borgarrýmis ræðst af ólíkum þáttum: **aðgengi** verður að vera hindrunarlaust og henta öllum; skipulag þess – **hrynjandi** – þarf að koma við kvikuna í gestum og gangandi. Það þarf að búa yfir sterku **kennileiti**, virku **aðráttarafli** og **sveigjanleika**, sem er forsenda þess að þar þrífist **fjölbreytt starfsemi.**

REK-hópurinn hefur lagt ríka áherslu á sérstöðu göturýmana tveggja og þau gæði er finnast innan þeirra. Hér hafa verið kynntar hugmyndir sem vonandi fá vængi í fyllingu tímans. Hugmyndir sem gefa fyrirheit um spennandi og lifandi samfélag, en eru jafnframt raunhæfur rammi utan um einstök borgarrými.

REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

GREINARGERÐ

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN






LAUGAVEGUR




VEGAMÓTASTÍGUR









SKUGGAVARP MARS - SEPT









SKUGGAVARP SUMARSÓLSTÖÐUR

REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

GÖTURÝMIN Í DAG

GÖNGUGÖTUR 9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN















REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

NÁLGUN / ÞRÓUN HEILASPUNI

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN











SUMINAGASHI BLEK MARMERINGARHEFÐ

ÍSLENSKT VEÐURKORT







REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

NÁLGUN / ÞRÓUN HEILASPUNI

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN

RÝMISSKIPTING



LÝSING / ÖRYGGI



REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

DIAGRAM

RÝMISSKIPTING
LÝSING
ÖRYGGI

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN





REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

DIAGRAM

YFIRBORÐ

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN







Leitast var eftir því að hanna mynstur sem kallaði fram hreyfingu í almenningsrými, mynstur sem sýndi með myndrænum hætti hvernig ein lína getur haft áhrif á heildina.













REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

FLÆÐI

HUGMYNDIN

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN



REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

FLÆÐI

LOFTMYND
VEGAMÓTASTÍGUR
MÆTIR LAUGAVEGI

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN



REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

FLÆÐI

LAUGAVEGUR
AUSTUR FRÁ
BERGSTAÐASTRÆTI

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN



REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

FLÆÐI

LAUGAVEGUR VESTUR FRÁ KLAPPARSTÍG

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN



A

Hellur (fiskibeinamynstur) eingöngu.
með annarri stærri hellu.
Flæðilína (ýmsir möguleikar í efnisvali)
Vatnsrenna í flæðilínu.

B

Hellur (fiskibeinamynstur)
með annarri stærri hellu.
Flæðilína (ýmsir möguleikar í efnisvali=
Vatnsrenna í flæðilínu.

C

Hellur (fiskibeinamynstur)
á jaðarsvæði (aðlöng).
Náttúrusteinn í hlaupandi lengdum (stór hella).
Flæðilína (ýmsir möguleikar í efnisvali)
Vatnsrenna í flæðilínu.

D

Hellur (fiskibeinamynstur) á
jaðarsvæðum. Náttúrusteinn
(stór hella) á miðsvæði.
Flæðilína (ýmsir möguleikar í efnisvali)
Vatnsrenna í jaðri.

E

Hellur (fiskibeinamynstur) á
jaðarsvæðum. Steypa í "ásnum"
með annarri stærri hellu.
Flæðilína (ýmsir möguleikar í efnisvali)
Vatnsrenna í jaðri.

F

Steypt yfirborð.
Flæðilína (ýmsir möguleikar í efnisvali)
Vatnsrenna í flæðilínu.













REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

FLÆÐI
EFNISVAL
YFIRBORÐS
(ólíkir möguleikar)

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN







HAGNÝT LÝSING

Lýsing er afar veigamikil þáttur í hugmyndinni allri og hefur sterk áhrif á alla umhverfismótun, yfirbragð svæðisins og notagildi. Í hönnuninni er mikið lagt uppúr því að lýsingin skapi karakter og upplifun. Áhersla er á, að almenn hagnýt lýsing veiti vegfarendanum öryggistilfinningu og sé leiðandi fyrir vegfarendan á svæðinu. Jafnleiki birtunar er hærri en kröfur kalla eftir til að tryggja að lýsing henti einnig þeim sem eru lögblindir eða sjónskertir. Sérstakök áhersla er á að glýjuvarnir séu góðar, svo lýsing valdi sem minnstri truflun fyrir íbúa og vegfaranda við Laugaveg. Ljósgæðin eru góð, ljósalitur og hitastig eru hlýleg og bjóðandi.

UPPLIFUNARLÝSING

Ásamt almenni hagnýtri lýsingu er upplifunarlýsing, sem eykur fjölbreytileika svæðisins, undirstrika jákvæða nætur upplifun af svæðinu og leggur áherslu á viðburði, listsköpun og spennandi form innan göturýmisins.

REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

FLÆÐI
UPPLIFUNAR-LÝSING

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN

Götugögn (bekkir) eru samtvinnuð göturýminu, þar sem þau virðast vaxa upp úr yfirborði þess. Silfurtæru flæðilínurnar leggjast að þeim eða fljóta í gegnum þau.

Göturýmin tvö hafa þó hvert sitt einkenni hvað varðar götgögn.
Í Vegamótastígnum mynda bekkirnir hluta af setpöllum sem lagðir eru þvert á landhallan og afmarka dvalarsvæðin með sterkum lágréttum línum, en í Laugaveginum minna götugögnin helst á sjávarvölur með sínum mjúku, ávölu formum. Steinvölurnar setja afar sterkan svip á göturými Laugavegarins og má með sanni segja að þær þjóni einnig hlutverki listar og leikja.











Fyrirtækið URBASTYLE framleiðir sæti ætluð fyrir opinber rými í formi steinvala. Sætin eru til í ólíkum stærðum býður upp á einstaklega skemmtilegar útfærslur og sveigjanleika í uppröðun í göturými.





URBASTYLE framleiðir einnig bekki sem myndu henta vel á Vegamótastíg.

REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

FLÆÐI
GÖTUGÖGN

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN













Trjágróður setur sterkan svip á yfirbragð Laugavegarins og aðliggjandi göturými - til fegrunar, markvissrar rýmis- og skjólmyndunar, bættrar hljóðvistar, kolefnisbindingar og sem hluti mengunarvarna. Borgartréin mynda ákveðið mótvægi við runnana í aðliggjandi götum, en eru jafnframt skírskotun í trjámenningu þessa hluta borgarinnar. Lögð er áhersla á þær tegundir sem henta hvað helst og taka mið af staðháttum og árstíðarskiptum (t.d. reyni-tegundir). Frágangur við tréin skal vera hluti ofanvatnslausna götunnar þar sem því verður við komið.

Að öðru leyti er ekki er gert ráð fyrir hefðbundnum gróðri, heldur er gengið út frá þeirri hugsun að skapa megi eins konar “gróðurlandslag á hjólum” frá þeim verslunum og þjónusturýmum sem göturnar afmarka : frístandandi gróðurpottar og hengikörfur, sem endalaust taka á sig nýja liti og angan eftir árstíðunum. Laugavegurinn á að geta staðið einn og sér með sýnum föstu hlutum, enda nóg sem gleður augað.

REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

FLÆÐI
GRÓÐUR

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN



REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

FLÆÐI

SKÝRINGARMYND
EFNISVAL
YFIRBORÐS

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN

13
15
17
19
21
12
12B
16
12B
18
18B
20
20A
20B
4
TORG
7
9
HJARTAGARÐURINN

REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

NÚVERANDI ÁSTAND

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN



REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Elín Hansdóttir
Kristján Kristjánsson

ENDURBÆTUR TILLAGA YFIRLITSMYND

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

Unnið fyrir:

Samræmingarhönnuður:

DAGNÝ LAND DESIGN

AEÐI

UNNIÐ JANÚAR - JÚNÍ 2021

GÖNGUGÖTUR
9 SKREF

REK

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir landslagsarkítekt
Elín Hansdóttir myndlistarmaður
Kristján Kristjánsson lýsingarhönnuður